

# 19. Stjórnarfundur Bergrisans

6. júlí 2020

Fjarfundur hófst klukkan 9:30 á Microsoft Teams

**Mætt:** Gísli H. Halldórsson formaður, Aldís Hafsteinsdóttir stjórnarmaður, Sandra Brá Jóhannsdóttir stjórnarmaður, Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri Bergrisans og Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri Árborgar. Einnig mættu forstöðumenn þjónustuvæða þær Ragnheiður Hergeirsdóttir og Svava Davíðsdóttir. Sandra Brá Jóhannsdóttir ritaði fundargerð

## Dagskrá

### 1. Ársreikningur Bergrisans bs. 2019

Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri Árborgar fer yfir ársreikning Bergrisans bs vegna rekstrarársins 2019. Rekstrartekjur 2019 voru 1.618.483.945,- kr sem skiptist í framlög jöfnunarsjóðs 1.382.802.945,- og framlög aðildarsveitarfélaga 235.680.000,-. Rekstrargjöld voru samtals 1.619.247.972,-. Tap af rekstrinum var 764.026,- afskriftir 2.218.642,-. Afkoma fyrir fjármagnsliði var tap að upphæð 2.982.668,-. Fjármagnsliðir voru 2.982.662,- og er rekstur ársins gerður upp á núlli líkt og fyrri ár. Eignir voru 312.092.157,- þar af handbært fé 68.544.633,-. Óráðstafað eigið fé var 0,- og skammtímaskuldir 312.092.157,-. Stjórn Bergrisans bs. samþykkir ársreikninginn og staðfestir hann með undirritun sinni.

### 2. Málefni sjálfstæðra búsetuaðila

Lára V. Júlíusdóttir hefur fyrir hönd Breiðabólstaðar slf tilkynnt stjórn Bergrisans bs að Breiðabólstaður muni hætta starfsemi um áramótin 2020/2021 vegna uppsagna Bergrisans á tveimur rýmum á Breiðabólstað þann 12. júní sl. Í ljósi uppsagnar Breiðabólstaðar lýsir stjórn Bergrisans þungum áhyggjum af stöðu mála. Málið hefur verið reifað við þau ráðuneyti sem málaflokkurinn tilheyrir og verður það tekið aftur upp í ágúst að loknum sumarleyfum. Stjórn samþykkir að fresta því að svara erindi Láru fyrir hönd Breiðabólstaðar þar til niðurstaða viðræðna stjórnar Bergrisans bs við ríkið liggur fyrir. Lausn verður að vera í sjónmáli í byrjun september.

Fundi slitið kl. 10:40